

Sp. 413. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]
um atvinnumál á Suðurlandi.

Flm.: Garðar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar áætlun um að treysta atvinnugrundvöll í Suðurlandskjördæmi, einkum í þeim hlutum þess, þar sem atvinnuástand er verst og ný atvinnutækifæri fæst.

Í þessari áætlun verði meðal annars kannað:

1. Stóraukin framleiðsla á graskögglum og öðru kjarnfóðri.
2. Fullnýting og fullvinnsla hráefnis landbúnaðarframleiðslunnar á Suðurlandi ásamt þökkun í neytendaumbúðir.
3. Framleiðsla úr gosefnum, sem til eru í mjög stórum stíl á Suðurlandi, svo sem vikri til framleiðslu á léttsteypueiningum.
4. Framleiðsla á grasplötum úr plöntum sem rækta má á hinum víðáttumiklu söndum Suðurlands.
5. Framleiðsla á rörum og öðrum iðnaðarvörum úr kastbasalti, sem bæði mikið og frábært hráefni til framleiðslu þess finnst í Vörðufelli á Skeiðum.
6. Aukin garðrækt og ylækt til stórframleiðslu á grænmeti til innanlandsþarfa.
7. Önnur atriði, sem stuðlað gætu að uppbyggingu atvinuvega í landsfjórðungnum.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber nú til að gera róttækar ráðstafanir til að uppræta viðvarandi atvinnuleysi á Suðurlandi.

Dæmi um atvinnuleysi það, sem nú ríkir, er að einmitt þessar vikurnar munu vera milli 70 og 80 manns á atvinnuleysisskrá á Selfossi einum.

Víðast hvar í þorpum á Suðurlandi er það svo, að sú atvinna, sem fyrir er, tekur alls ekki við fleira fólki; fólksfjölgun verður engin, þeir, sem við bætast vinnufærir, hverfa á braut.

Á sama tíma hverfur mest af framleiðsluvörum Suðurlands til höfuðborgarsvæðisins hálfunnið eða óunnið, sem veitt gæti fjölda manns atvinnu í sveitaþorpunum, ef stefnubreyting yrði í þessum efnunum í þá veru að flytja ekkert burt af framleiðslunni nema fullunnið til neyslu í viðeigandi umbúðum.

Suðurland hefur um alllangt skeið orðið útundan í þeirri atvinnuuppbyggingu, sem orðið hefur í dreifbýlinu annars staðar vegna tilkomu stöðugs landburðar af fiski til sjávarþorpa á landsbyggðinni, sem gjörbreytt hefur öllu á þeim stöðum í flestum greinum.

Ekki er allt fiskur, þótt hann sé meginundirstaða íslensks atvinnu- og efnahagslífs — fleiri stöðum má renna undir íslenskt atvinnulíf með því að nýta þá möguleika sem landið hefur að bjóða.

Á Suðurlandi eru stórfengleg skilyrði til framleiðslu graskögglar og efnabætts kjarnfóðurs úr grasi og öðrum innlendum og máske að nokkru erlendum efnunum einnig. Slík stórframleiðsla gæti á fáum árum komið að mestu eða öllu leyti í stað innflutts kjarnfóðurs. Er það búmannslegt að búa að sínu, ef unnt er, í stað þess að sækja fóður til eldis búfenaðar til útlanda fyrir ærið fé.

Auk þess sem að landbúnaði snýr, búa landkostir Suðurlands yfir ærnunum kostum til framleiðslu byggingarefnis og ýmissa iðnaðarvara.

Til dæmis mætti rækta hafra eða aðrar skyldar tegundir til framleiðslu á þilja-plötum og annarra byggingarefna af svipuðu tagi.

Hentug gosefni, svo sem vikur, með öðrum efnunum geta orðið undirstaða í framleiðslu léttsteypueininga í stórum stíl, bæði til nota innanlands og erlendis.

Það kom fram við nákvæmar vísindarannsóknir, sem fóru fram hérlendis með tækniástoð frá tékkneskum sérfræðingum, að hér á landi er að finna afar hentuga tegund af basalti, sem nota má til framleiðslu svokallaðs kastbasalts, sem er til ýmissa hluta nýtsamlegt, svo sem í stálhörð og sýrupolin rör, verksmiðjugólf og fleira. Þykir þessi framleiðsla afbragð og góð söluvara.

Langt er liðið frá því menn gerðu sér grein fyrir að nauðsynlegt er að efla garðrækt að því marki að við gætum orðið sjálfum okkur nógir með grænmetisframleiðslu. Mikinn hluta þeirra kartaflna og grænmetis, sem við þörfnumst, mætti rækta á Suðurlandi auk ylreктarvara.

Mörg önnur atriði mætti nefna varðandi uppbyggingu atvinnulífs og atvinnuöryggis á Suðurlandi. Auk þess vantar hér að nefna það sem að sjávarútvegi lýtur, svo og það sem Vestmannaeyjar snertir. Það verður hins vegar gert síðar.

Af ofanröktu má vera ljóst, að margir eru möguleikarnir til úrbóta á því alvarlega ástandi sem nú er og fer vaxandi.

Snöggra aðgerða er þörf, og þess vegna hef ég lagt fram þessa tillögu til þingsályktunar og legg áherslu á að mjög verði hraðað þeirri áætlun sem í henni er gert ráð fyrir.

Auk þess má þegar hefja aðgerðir í þeim efnunum, sem beinast liggja við.

Vilja, framsýni og fjármagn þarf til að hefja atvinnulíf Suðurlands upp úr þeirri lægð, sem það er nú í.